

Áfangi: Eðlisfræði 104 – Vorönn 2011

Undanfari: Stærðfræði 304.

Kennari: Bjarni Þór Traustason

Kennslugögn: Bókin Eðlisfræði 1 fyrir náttúrufræðideildir framhaldsskóla, eftir Davíð Þorsteinsson, nýjasta útgáfa ásamt öðru efni frá kennara.

Markmið áfangans: Nemendur kynnist grundvallarhugtökum í aflfræði og varmafræði. Þeir eiga að geta lýst hreyfingu hlutar með jafna hröðun eftir beinni braut og þekkja skilgreiningu á massa. Nemendur eiga að þekkja lögmálið um varðveislu orkunnar og hreyfilögmál Newtons. Þeir eiga að geta gert grein fyrir varðveislu skriðþunga í einföldum árekstri. Nemendur eiga að geta beitt þeim einingum SI einingakerfisins er tengjast námsefninu.

Kennsluform: Fyrirlestrar og umræður, verkefnatímar og leiðsagnarmat. Verkefni æfing verður í formi videoverkefnis. Heimaverkefni og tímaæfingar verða lagðar fyrir reglulega og metnar til einkunna.

Námsmat:

Þeir fjórir þættir sem námsmat byggist á eru eftirfarandi:

1. Meðaltal skriflegra skilaverkefna og verklegra æfinga. (40%)
2. Meðaltal prófa á önninni. (50%)
3. Mat kennara á vinnu nemanda í tímum, vinnubrögðum og framförum. (10%)